

40

24. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá því er fasteignamat það, sem gert hefur verið samkvæmt lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, gekk í gildi, þar til í árslok 1958 skal innheimta sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldra fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því.

Heimild sýslunefnda til að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta sýsluvegasjóðsgjald með allt að 70% álagi, sbr. lög nr. 41 4. apríl 1956, framlengist til 1. janúar 1959. Sé heimildin notuð, hækkar framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóðanna í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

41

22. apríl

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var undirritað í Reykjavík, 20. marz 1958, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu 1. marz 1958 til 28. febrúar 1959.

Samkvæmt íslenzka vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir eftirfarandi útflutningi til Póllands: Fryst síld 2500 smál., saltsíld 2000 smál., fiskimjöl 2000 smál., saltaðar gærur 250 smál., meðalalýsi 1200 smál., iðnaðarlýsi 200 smál., kindagarnir 100000 stykki og freðfiski, eins og um kann að semjast.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vöruflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stál-vörur, gips, vefnaðarvörur, sykur, ávextir og grænmeti, leirvörur, búsaðhöld o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu áður en samningstímabilið er útrunnið framlengist það sjálfkrafa óbreytt til 28. febrúar 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 22. apríl 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.